


ÁRSSKÝRSLA GILDIS - LÍFEYRISSJÓÐS 2008



ÁRSSKÝRSLA GILDIS - LÍFEYRISSJÓÐS 2008



EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| Ávarp stjórnarformanns | 4 |
| Stjórn | 6 |
| Starfsmenn | 7 |
| Iðgjöld | 8 |
| Lífeyrir | 8 |
| Lán til sjóðfélaga | 9 |
| Áhrif efnahagskreppunnar og hruns efnahagslífsins á Íslandi á Gildi - lífeyrissjóð | 10 |
| Fjárfestingarstefna | 11 |
| Fjárfestingar | 11 |
| Verðbréfaeign | 12 |
| Ávöxtun | 13 |
| Fjárfestingar erlendis | 15 |
| Yfirlit yfir stærstu fjárvörsluaðila sjóðsins | 16 |
| Gjaldmiðlastýring | 17 |
| Hluthafastefna | 17 |
| Séreignardeild | 18 |
| Tryggingafræðileg úttekt | 19 |
| Tillaga um lækkun réttinda | 20 |
| Ársreikningur | 23 |
| Financial Statements | 45 |

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Undanfarnar vikur hafa lífeyrissjóðirnir verið að birta afkomutölur sínar. Eins og búist var við þurfa margir sjóðir að lækka réttindi, aðrir munu bíða og sjá til, enda eru þeir innan 10% viðmiðunarmarka. Hætt er þó við að ekki verði komist hjá lækkun réttinda miðað við erfiða stöðu á fjármálamörkuðum fyrstu mánuði þessa árs. Í reynd er það svo að það er erfiðast að meta tjónið í miðju áfallinu og getur því verið skynsamlegt að bíða eftir að rykið falli til að meta stöðuna nánar.

Síðastliðið ár reyndist sjóðnum eins og öðrum fjárfestum mjög erfitt. Raunávöxtun á innlendum hlutabréfum sjóðsins var neikvæð um 92,8%, á innlendum skuldabréfum fjármálafyrirtækja neikvæð um 16,6% og á skuldabréfum fyrirtækja var hún neikvæð um 41,8%. Raunávöxtun erlendra hlutabréfa var neikvæð um 5,9% í íslenskum krónum. Við þetta tap bætist tæplega 17% verðbólga.

Sjóðurinn átti talsverðar eignir í bönkum og fyrirtækjum í formi hlutabréfa og skuldabréfa bæði hérlandis og erlendis. Til þess að tryggja sig gegn áhættu gagnvart íslensku krónunni voru gerðir gjaldmiðlasamningar við banka sem vörðu hluta erlenda eignasafnsins. Þessir samningar eru núna í uppnámi en gert er ráð fyrir því í reikningum sjóðsins að þeim verði skuldajafnað á móti kröfum sjóðsins við bankana. Óvissa ríkir um lok þessara mála sem aftur getur haft áhrif á fjárhagsafkomu sjóðsins.

Það er í dag áleitinn spurning hvort við hefðum getað farið aðrar leiðir. Svarið er já, að sjálfsögðu, en við skulum hafa það í huga að rík krafa hefur verið gerð til lífeyrissjóðanna að verja hluta fjármuna sinna til atvinnuuppbyggingar hér innanlands til styrktar hagkerfinu. Það er hins vegar ljóst í dag að betra hefði verið að dreifa fjármunum sjóðanna meira til þess að verjast áföllum. Það sést best hversu miklir erfiðleikarnir voru á fjármálamörkuðum að norsk olíusjóðurinn sem í reynd er lífeyrissjóður Norðmanna varð fyrir meiri skelli en íslensku lífeyrissjóðirnir en samt féll norska fjármálakerfið ekki.

Kröfur á lífeyrissjóðina hafa einnig verið að breytast. Með lengingu lífaldurs sjóðfélaga og mikilli fjölgun öryrkja hefur krafa um aukna ávöxtun til að mæta hækkandi útgjöldum farið vaxandi. Annaðhvort næðu þeir betri árangri eða stæðu frammi fyrir niðurskurði réttinda sjóðfélaga. Þessi þrýstingur á sjóðina kann í einhverjum tilvikum að hafa leitt til meiri áhættusækni. Ef reynt er að setja þetta í eitthvert talnalegt samband þá hefur meðalraunávöxtun lífeyrisskerfisins s.l. 5 ár verið 1,7% en síðustu 10 ár verið 2,5%. Þessar sömu tölur hjá Gildi eru 2,1% sl. 5 ár og 3,3% sl. 10 ár. Hvert brot úr prósentu í ávöxtun skiptir miklu máli þegar til langs tíma er litið.



Allt frá falli bankana hefur gríðarleg gagnrýni verið á fjármálakerfið en umræðan síðustu vikunnar hefur færst yfir á lífeyrissjóðina, m.a. í tengslum við upplýsingar sem fram hafa komið í fjölmiðlum um ýmsar boðsferðir og önnur fríðindi eða hlunnindi starfsmanna. Ljóst er að í lífeyrissjóðunum hefur skort á að reglur um boðsferðir og gjafir séu nægilega skýrar. Ekki hefur verið nægilega ljóst hvað megi og megi ekki. Þegar þessar línur eru ritaðar er að hefjast vinna við að setja skýrari reglur sem taka á þessum atriðum.

Þegar í nóvember sl. voru teknar ákvarðanir um lækkun launa æðstu starfsmanna og stjórnarmanna um 10% og áfram verður unnið að endurskoðun launa starfs- og stjórnarmanna sjóðsins í ljósi breyttra aðstæðna.

Þótt nú þurfi að leggja til lækkun áunninna réttinda sjóðfélaga um 10% þá ber að hafa það í huga að á s.l. 4 árum hafa réttindi sjóðfélaga verið aukin um 17,7%. Við megum ekki láta stundarumræðu villa okkur sýn. Lífeyriskerfið er ennþá sterkt og öflugt og það segir mikið um styrk þess að þótt það hafi orðið fyrir þungum búsigfum er það engu að síður staðreynd að það er eina fjármálakerfið sem staðið hefur af sér alheimsfjármálakreppuna sem nú stendur yfir.

Fyrir hönd sjóðsins þakka ég starfsmönnum, sjóðfélögum og atvinnurekendum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári.

Sigurður Bessason,
stjórnarformaður Gildis - lífeyrissjóðs



STJÓRN

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamanna þeirra. Eftirtaldir skipa stjórn sjóðsins til ársfundar 2009:

Sigurður Bessason, formaður
Vilhjálmur Egilsson, varaformaður
Árni Bjarnason
Friðrik J. Arngrímsson
Heiðrún Jónsdóttir
Konráð Alfreðsson
Sigurrós Kristinsdóttir
Sveinn Hannesson

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Hún setur sjóðnum fjárfestingarstefnu og skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins. Stjórnin skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaganna hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu stjórnarmenn ekki sitja lengur en 8 ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn.

Á starfsárinu voru haldnir alls 20 stjórnarfundir.



Mynd tekin eftir stjórnarfund 6. mars 2009. Standandi frá vinstri: Sveinn Hannesson, Sigurrós Kristinsdóttir, Konráð Alfreðsson, Árni Bjarnason og Friðrik J. Arngrímsson. Sitjandi frá vinstri: Vilhjálmur Egilsson, Sigurður Bessason og Heiðrún Jónsdóttir.

STARFSMENN



23 starfsmenn störfuðu hjá sjóðnum í mars 2009. Á myndinni, sem var tekin 27. mars sl., eru:

| Standandi frá vinstri: | Starfssvið |
|------------------------------|---|
| Örn Arnþórsson | Skrifstofustjóri |
| Sigurborg Reynisdóttir | Innheimta iðgjalda |
| Árni Guðmundsson | Framkvæmdastjóri |
| Tryggvi Tryggvason | Forstöðumaður eignastýringar |
| Örn Guðnason | Deildarstjóri lífeyrisdeildar |
| Guðrún Jónsdóttir | Lífeyrismál |
| Áslaug Jónsdóttir | Skráning iðgjalda |
| Anna Rúnarsdóttir | Bókhald |
| Guðrún K. Sigurðardóttir | Deildarstjóri lánadeildar |
| Bjarney Sigurðardóttir | Deildarstjóri séreignardeildar |
| Valgerður Hanna Hreinsdóttir | Lífeyrismál |
| Nanna Þórarinsdóttir | Afgreiðsla/Móttaka |
| Sitjandi frá vinstri: | |
| Guðmundur Bergþórsson | Eignastýring |
| Davíð Rúdólfsson | Eignastýring |
| Ásbjörg Hjálmarsdóttir | Afgreiðsla/Móttaka |
| Hjördís Karlsdóttir | Skráning iðgjalda |
| Ólafur Arason | Forstöðumaður tölvu- og upplýsingakerfa |
| Jóhanna Erla Þorvaldsdóttir | Innheimta iðgjalda |
| Kristín Pétursdóttir | Skráning iðgjalda |
| Á myndina vantar: | |
| Önnu Lis Hjaltadóttir | Deildarstjóri iðgjaldadeildar |
| Friðgerði Friðriksdóttir | Innheimta iðgjalda |
| Ingileif Kristinsdóttir | Aðalbókari |
| Kristínu Sigurðardóttir | Gjaldkeri |


IÐGJÖLD

Iðgjöld til sjóðsins á árinu 2008 voru að lágmarki 12% af heildarlaunum. Launþegar greiddu 4% og atvinnurekendur 8%. Ýmsir kjarasamningar þeirra stéttarféлага sem aðild eiga að sjóðnum kveða síðan á um hærra framlag eða allt að 15,5%. Allir launamenn greiða iðgjöld frá 16 ára aldri til 70 ára aldurs.

Alls greiddu 45.185 sjóðfélagar hjá 4.327 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu 2008. Heildariðgjöld voru 11.354 milljónir króna. Sjóðfélagar með réttindi í árslok voru samtals 174.807.

Iðgjöld ársins 2008 eftir aldri iðgjaldagreiðenda

Iðgjöld í milljónum króna



LÍFEYRIR

Lífeyrisgreiðslur ársins 2008 námu 6.678 milljónum króna og hækkuðu um 14,7% á milli ára. Lífeyrir sem hlutfall af greiddum iðgjöldum var 58,8%, en var 57,5% á árinu 2007. Lífeyrir sem hlutfall af hreinni eign var 3,2%, en var 2,4% á árinu 2007.

Fjöldi lífeyrisþega

Lífeyrisþegar á árinu 2008 voru 16.097 og þar af fengu 2.324 greidda fleiri en eina tegund lífeyris. Skipting á milli einstakra lífeyristegunda var sem hér segir:

| | 2008 | 2007 | Breyting milli ára |
|-----------------|---------------|---------------|--------------------|
| Ellilífeyrir | 9.420 | 8.776 | + 7,3% |
| Örorkulífeyrir | 3.637 | 3.828 | - 5,2% |
| Makalífeyrir | 1.830 | 1.682 | + 8,8% |
| Barnalífeyrir | 1.210 | 1.248 | - 3,1% |
| Samtals: | 16.097 | 15.534 | + 3,6% |

Lífeyrisgreiðslur

| | 2008 | 2007 | Breyting milli ára |
|-----------------|----------------------|----------------------|--------------------|
| Ellilífeyrir | 3.880.823.414 | 3.305.312.232 | + 17,4% |
| Örorkulífeyrir | 2.112.314.543 | 1.914.047.240 | + 10,4% |
| Makalífeyrir | 507.397.657 | 438.854.245 | + 15,6% |
| Barnalífeyrir | 90.482.514 | 85.350.191 | + 6,0% |
| Samtals: | 6.591.018.128 | 5.743.563.908 | + 14,7% |

Gildi - lífeyrissjóður greiddi einnig lífeyri fyrir hönd Umsjónarnefndar eftirlauna til 177 sjóðfélaga eða maka látinna sjóðfélaga, samtals 19,7 milljónir króna. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild Gildis voru alls 67,6 milljónir króna á árinu 2008.

LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA

Á árinu 2008 voru veitt 455 ný lán til sjóðfélaga, samtals að upphæð 1.915 milljónir króna. Þetta er lítilsháttar aukning frá árinu 2007, en þá voru veitt 441 lán að upphæð 1.716 milljónir króna.

Sjóðfélagar hafa val um hvort lán séu tekin með föstum eða breytilegum vöxtum og hvort lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitet). Í mars 2009 eru lánakjör sjóðsins þannig að fastir vextir eru 5,6% og breytilegir vextir eru 4,65%.

Við fall bankanna og þann greiðsluvanda sem sjóðfélagar hafa lent í vegna samdráttar á vinnumarkaði hefur Gildi - lífeyrissjóður boðið sjóðfélögum upp á eftirfarandi úrræði:

- **Greiðslujöfnun**, í samræmi við breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Hér er miðað við nýja vísitölu „greiðslujöfnunarvísitölu“ í stað neyslúvísitölu sem lánið miðast við.
- **Skilmálabreytingar**. Þar er boðið upp á að leggja vanskil við höfuðstól og lengja í lánum ásamt fleiri möguleikum.
- **Frysting lána**. Boðið er upp á 6-12 mánaða „frystingu“ lána þ.e. tímabundna ívilnum með breytingu á lánaskilmálum.

Frá því að byrjað var að bjóða upp á þessi úrræði í lok nóvember 2008 og til áramóta voru alls 94 breytingar gerðar á lánum sjóðfélaga.

ÁHRIF EFNAHAGSKREPPUNAR OG HRUNS EFNAHAGSLÍFSINS Á ÍSLANDI Á GILDI - LÍFEYRISSJÓÐ

Hrun bankanna á Íslandi í október 2008 hafði víðtæk áhrif á ávöxtun sjóðsins. Á miðju síðasta ári fóru að berast fréttir af slæmri lausafjárstöðu íslensku bankanna og að endurfjármögnun þeirra gengi erfiðlega. Stjórnendur bankanna neituðu þessu opinberlega og sögðu lausafjárstöðuna góða og að fjármögnun ársins 2009 væri nánast í höfn. Einnig fullyrtu stjórnálamenn og eftirlitsaðilar að staða bankanna væri sterk. Fjármálaeftirlitið gaf ítrekað til kynna að allir íslensku bankarnir stæðust álagspróf stofnunarinnar. Það var því ekki að heyra á miðju ári annað en að bankarnir myndu standa þennan storm af sér.

Í október leitaði Glitnir til Seðlabankans um aðstoð vegna lausafjárerfiðleika. Niðurstaðan varð sú að Seðlabankinn þjófnytti Glitni í kjölfarið. Fór þá af stað atburðarás sem féir höfðu búist við að gæti gerst. Á stuttum tíma fóru einnig Landsbanki og Kaupþing í þrot og á árinu 2009 hafa fleiri bankar farið sömu leið. Neyðarlög og gjaldeyrishöft voru sett á í október til þess að verja innistæðueigendur og íslensku krónuna. Áhrifin af hruni bankanna eru enn ekki að fullu komin fram en þjóðin horfir fram á mikinn samdrátt í þjóðarframleiðslu, eignarýrnun, skuldaukningu og atvinnuleysi.

Gildi - lífeyrissjóður var í margvíslegum viðskiptum við íslensku bankana og fjárfesti í hlutabréfum og skulda-
bréfum sem þeir höfðu gefið út. Við fall bankanna urðu hlutabréf og víkjandi skuldabréf þeirra verðlaus og mikil óvissa er enn um verðmæti þeirra skuldabréfa sem þeir gáfu út og eru í eigu sjóðsins. Vegna þeirrar fjármálakreppu sem nú ríkir er mikil óvissa um raunverulegt verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn á. Í framhaldi af falli bankanna hafa önnur innlend fyrirtæki lent í verulegum greiðsluerfiðleikum sem leitt hafa til greiðslustöðvunar og jafnvel gjaldþrots og óvíst er hvernig mörgum þessara félaga mun reiða af á árinu 2009. Þá hefur þróun á erlendum verðbréfamörkuðum það sem af er árinu 2009 verið sjóðnum óhagstæð. Verðbréf hafa haldið áfram að lækka í verði, á sama tíma og gengi erlendra gjaldmiðla hefur lækkað gagnvart íslensku krónunni.



FJÁRFESTINGARSTEFNA

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2009 var samþykkt á stjórnarfundum þann 27. nóvember 2008. Fjárfestingarstefnan tekur tillit til breytingum frá fyrra ári vegna efnahagshrunsins á Íslandi og falls bankanna og hlutabréfamarkaðarins. Við val á fjárfestingarstefnu sjóðsins hefur undanfarin ár verið litið til markaðsáhættu þar sem tekið er mið af sveiflum í ávöxtun. Unnið er út frá sögulegum gögnum á verðbréfamörkuðum. Einnig eru gerð álagspróf sem miðast við áföll á verðbréfamarkaði í fortíð. Áhættuþol sjóðsins var mjög mikið miðað við alla útreikninga og litlar líkur voru á skerðingu réttinda. Fjárfestingarstefna sjóðsins gerði hins vegar ekki ráð fyrir kerfisáhættu, þ.e. að heilt hagkerfi myndi hrynja og að stór hluti af skuldabréfum sjóðsins myndi tapast vegna gjaldþrots banka og fyrirtækja. Ekki var heldur gert ráð fyrir neyðarlögum þar sem réttur kröfuhafa var skertur verulega á kostnað innistæðueigenda.

Fjárfestingarstefnan 2009 tekur mið að eignasamsetningu sjóðsins í árslok 2008 með ákveðnum vikmörkum í hverjum eignaflokki. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til þess að breyta fjárfestingarstefnunni innan ársins 2009 vegna óvenjulegra aðstæðna á fjármálamörkuðum. Lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og innstreymi iðgjalda er meira en útgreiðslur lífeyris á næstu árum.

Fjárfestingarstefna 2009

| | |
|-----------------------------------|------------|
| Innlán | 5% |
| Skuldabréf | 63% |
| Ríkisskuldabréf | 38% |
| Veðskuldabréf | 8% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 5% |
| Skuldabréf banka og sparisjóða | 4% |
| Erlend skuldabréf | 2% |
| Önnur skuldabréf | 6% |
| Hlutabréf | 18% |
| Erlend hlutabréf | 15% |
| Innlend hlutabréf | 3% |
| Óhefðbundnar fjárfestingar | 14% |
| Framtakssjóðir | 10% |
| Vogunarsjóðir | 4% |

FJÁRFESTINGAR


Fjárfestingar 2008 (í milljónum króna):

| | Kaup | Sala | Nettó |
|--------------------------------|-------------------|-------------------|---------------|
| Innlend hlutabréf | 14.337.183 | 12.703.238 | 1.633.944 |
| Erlend verðbréf | 14.111.043 | 30.147.121 | -16.036.078 |
| Ríkistryggð bréf | 8.973.163 | 1.208.560 | 7.764.603 |
| Skuldabréf banka og sparisjóða | 4.609.923 | 3.438.577 | 1.171.346 |
| Skuldabréfasjóðir | 2.999.721 | 3.033.704 | -33.983 |
| Bundin innlán | 2.294.661 | | 2.294.661 |
| Veðskuldabréf | 2.215.960 | 31.003 | 2.184.957 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 1.411.280 | | 1.411.280 |
| Skuldabréf fyrirtækja | | 370.998 | -370.998 |
| Samtals | 50.952.932 | 50.933.201 | 19.731 |

VERÐBRÉFAEIGN

Skipting verðbréfaeignar sjóðsins 31.12.2008 (í þús. króna):

| Skipting verðbréfa | Upphæð | |
|------------------------------|--------------------|-------------|
| Erlend hlutabréf | 28.340.474 | 13,5% |
| Framtaks- og fasteignasjóðir | 21.961.409 | 10,5% |
| Vogunarsjóðir | 11.932.287 | 5,7% |
| Erlend skuldabréf | 3.727.474 | 1,8% |
| Innlend hlutabréf | 4.174.979 | 2,0% |
| Ríkistryggð bréf | 74.048.703 | 35,3% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 13.427.406 | 6,4% |
| Veðskuldabréf | 13.444.469 | 6,4% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 8.594.242 | 4,1% |
| Bankabréf | 8.422.157 | 4,0% |
| Önnur skuldabréf | 376.572 | 0,2% |
| Innlán | 21.438.219 | 10,2% |
| Samtals | 209.888.392 | 100% |



ÁVÖXTUN

Samtryggingasjóður

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var -14,8% og raunávöxtun -26,6%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 5 ár er 2,2% og síðastliðin 10 ár 3,3%. Ávöxtun innlendra skuldabréfa var 16,1% eða -0,2% raunávöxtun. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var -91,6% en Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands lækkaði um 94,5%. Ávöxtun erlendra hlutabréfa var 9,5% í íslenskum krónum en til samanburðar hækkaði heimsvísitala MSCI um 14,3% í krónum. Heimsvísitalan lækkaði hins vegar um 42,1% í bandaríkjadollar. Einnig gerði sjóðurinn framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga til þess að minnka gjaldeyrisáhættu. Óljóst er um afkomu samninganna en þeir höfðu veruleg áhrif á afkomu sjóðsins á síðasta ári.

Séreignardeild

Framtíðarsýn I

Hrein raunávöxtun Framtíðarsýnar I var -13,5% eða 0,7% nafnávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár er 2,1%.

Framtíðarsýn II

Hrein raunávöxtun Framtíðarsýnar II var -11,6% eða 2,9% nafnávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár er 1,3%.

Framtíðarsýn III

Hrein raunávöxtun Framtíðarsýnar III var 3,7% eða 20,7% nafnávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár er 5,6%. Leið III er verðtryggður innlánsreikningur sem bar að jafnaði 7,2% raunvexti á árinu 2008.

Raunávöxtun einstakra eignaflokka:

| | |
|-----------------------------------|----------------|
| Innlán | 15,30% |
| Erlend hlutabréf | -5,90% |
| Önnur erlend hlutdeildarskírteini | 44,10% |
| Innlend hlutabréf | -92,80% |
| Ríkistryggð bréf | 4,60% |
| Skuldabréf banka | -16,60% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 4,30% |
| Skuldabréf fyrirtækja | -41,80% |
| Veðskuldabréf | 5,50% |
| Samtals | -26,60% |

Innlend skuldabréf

Innlend skuldabréf skiluðu -0,2% raunávöxtun eða 16% nafnávöxtun. Skuldabréf og innlán voru 68,1% af heildareignum sjóðsins um sl. áramót. Skuldabréfaeign sjóðsins er að mestu verðtryggð og stærstur hluti hennar er í ríkisskuldabréfum eða 37% af heildareign sjóðsins. Innlán eru 11%, skuldabréf banka og fyrirtækja 4%, skuldabréf sveitarfélaga 4,1%, veðlán 6,6% og önnur skuldabréf 6,5%.


Við fall bankanna varð markaður með innlend skuldabréf önnur en ríkisskuldabréf nánast óvirkur. Útgefendur skráðra skuldabréfaflokka hafa verið teknir til gjaldprotaskipta, þeir hafa óskað eftir greiðslustöðvun og nokkrir hafa óskað eftir frestun á greiðslu afborgana og vaxta. Vegna þessa hafa verðbréf sjóðsins verið færð niður um 12,3 milljarða eða 6,3% af heildareignum sjóðsins. Þar af voru skuldabréf á fjármálastofnanir færð niður um 4,6 milljarða eða 22% af eignum sjóðsins í þeim flokki skuldabréfa. Skuldabréf fyrirtækja voru færð niður um 7,6 milljarða í uppgjöri sjóðsins eða tæp 40% af eignum sjóðsins í skuldabréfum fyrirtækja.

Lífeyrissjóðurinn á 12,3 milljarða kröfu á viðskiptabankana. Í uppgjöri sjóðsins er gengið út frá að þessum kröfum verði að mestu leyti skuldajafnað á móti neikvæðri stöðu afleiðusamninga eins og þeir stóðu við fall bankanna. Hver niðurstaðan varðandi skuldajöfnunina og uppgjör afleiðusamninga verður getur því haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Skuldabréf lífeyrissjóða eru færð á kaupverði og hafa því sveiflur á markaðsverði skuldabréfa ekki áhrif á uppgjör sjóðsins. Seðlabankinn hækkaði grunnvexti um 5% á árinu 2008 og voru þeir 18% í árslok. Verðbólgan hækkaði um 16,4% á árinu og krónan veiktist um 45%. Fjárfestar keyptu mikið af verðtryggðum skuldabréfum sem vörn gegn verðbólgu og krafan lækkaði samhliða því.

Við fall bankanna leituðu fjárfestar í skjól ríkisskuldabréfa þar sem mikil óvissa var um stöðu innlána í bönkunum. Lækkaði ávöxtunarkrafan verulega við það og fór hún niður í 1% í stuttum verðtryggðum íbúðarbréfum. Skuldabréfamarkaður náði hins vegar aftur jafnvægi um áramót.

Ávöxtunarkrafa íbúðarbréfa



Innlend hlutabréf

Við efnahagshrunið og fall bankanna hrundi hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi. Innlent hlutabréfsafn sjóðsins lækkaði um 91,5% á árinu og Úrvalsvísitala Kauphallar lækkaði um 94,5%. Vægi fjármálafyrirtækja í vísitölunni var um 89% í ársbyrjun. Önnur fyrirtæki lækkuðu einnig mikið í kjölfarið. Innlend hlutabréf í eigu sjóðsins námu í upphafi árs 50,7 milljörðum króna eða 21% af heildareignum sjóðsins en 4,7 milljörðum í árslok 2008 eða 2,3%. Skráð innlend hlutabréf voru 4,6 milljarðar eða 99% og óskráð hlutabréf 0,1 milljarður eða 1%.


FJÁRFESTINGAR ERLENDIS

Erlendis fjárfestir sjóðurinn í skuldabréfum, hlutabréfum og hlutabréfasjóðum auk vogunarsjóða, framtakssjóða og fasteignasjóða. Fjármálakreppan sem hófst í Bandaríkjunum á síðasta ári hefur breiðst út um allan heim. Fjármálakerfi hafa riðað til falls í Bandaríkjunum og Evrópu og bankar hafa verið þjóðnýttir víðsvegar um heim. Mikill samdráttur á sér stað á heimsvísu og er talað um heimskreppu í fyrsta sinn síðan 1929. Hagnaður fyrirtækja hefur dregist verulega saman og erlendir hlutabréfamarkaðir hafa fallið. Fasteignamarkaðir hafa einnig fallið og ekki ennþá náð jafnvægi. Ríkisstjórnir og seðlabankar heimsins hafa reynt eftir bestu getu að milda áhrif kreppunnar með því að styðja bankakerfið og ríkisvæða banka. Of snemmt er að segja til um árangur af þessum aðgerðum.

Erlendir hlutabréfamarkaðir lækkuðu mikið á árinu 2008. Heimsvísitala hlutabréfa MSCI lækkaði um 42%, S&P 500 vísitalan í Bandaríkjunum lækkaði um 38,5%, MSCI Europe um 45,5% og Nikkei í Japan um 42,1%. Fasteignasjóðir, vogunarsjóðir og framtakssjóðir í safni sjóðsins lækkuðu einnig í verði en þó minna en hlutabréfasjóðir.

Ávöxtun erlendra ríkisskuldabréfa var með ágætum á síðasta ári þar sem vextir lækkuðu á heimsvísu í kjölfar kreppunnar. Ávöxtun annarra skuldabréfa var hins vegar neikvæð þar sem skuldaraálag á fyrirtæki og bankastofnanir hækkuðu mikið á árinu.

Þróun á erlendum vísitölum í heimamynt



YFIRLIT YFIR STÆRSTU FJÁRVÖRSLUAÐILA SJÓÐSINS

Erlendar eignir sjóðsins eru einkum í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum. Auk þess að fjárfesta í erlendum hlutabréfum fjárfestir sjóðurinn í öðrum eignaflokkum erlendis, svokölluðum óhefðbundnum fjárfestingum (Alternative Investments). Þær fjárfestingar skiptast í vogunarsjóði (Hedge Funds), framtakssjóði (Private Equity) og fasteignasjóði (Real Estate). Þetta eru að mestu óskráðar eignir. Stutt er síðan fjárfest var í þessum eignarflokkum og eru þeir ekki farnir að skila miklum tekjum. Þetta eru langtíma fjárfestingar sem áætlað er að skili sjóðnum tekjum að þremur til fimm árum liðnum.


Skipting eftir fjárvörsluaðilum

| | |
|-------------------------------------|-------------------|
| Hlutabréf | |
| Vanguard | 6.721.818 |
| Alliance Bernstein | 6.528.207 |
| JP Morgan | 3.218.864 |
| Morgan Stanley | 3.108.522 |
| Templeton | 3.094.588 |
| Annað | 4.803.987 |
| Samtals | 27.475.987 |
| Vogunarsjóðir | |
| Credit Suisse | 3.101.982 |
| Graystone | 2.597.228 |
| LGT | 2.291.544 |
| Gottex | 2.001.532 |
| Morgan Stanley Premium Partners | 968.257 |
| Kaupþing | 809.408 |
| Samtals | 11.769.952 |
| Framtaks- og fasteignasjóðir | |
| AIP/Morgan Stanley | 5.112.303 |
| Crossroads | 3.594.150 |
| DLJ | 2.125.100 |
| Blackroad | 1.553.690 |
| Schroders | 1.524.474 |
| Standard Life | 1.274.893 |
| Paul Capital | 1.187.936 |
| LGT | 994.294 |
| Annað | 3.794.323 |
| Samtals | 21.161.164 |

GJALDMIÐLASTÝRING

Sjóðurinn var með virka gjaldmiðlastýringu og gerði framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga í þeim tilgangi að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðsins. Þegar krónan styrkist lækka erlendar eignir sjóðsins í krónum og öfugt þegar krónan veikist. Á síðasta ári veiktist krónan um 45%. Þetta hafði þau áhrif að erlendar eignir sjóðsins hækkuðu í verði í íslenskum krónum. Á móti kemur að tap af gjaldmiðlaskiptasamningum sem sjóðurinn hafði gert. Við fall bankanna brustu forsendur fyrir þessum samningum. Á þeim tíma voru samningarnir í neikvæðri stöðu fyrir sjóðinn og nam skuldin 12,9 milljörðum og er sú fjárhæð færð til skuldar í ársreikningi sjóðsins. Óvissa er um hvort og þá hvernig sjóðnum beri að gera upp samningana.

Próun gengisvísitölu íslensku krónunnar



HLUTHAFASTEFTA

Gildi - lífeyrissjóður er langtímafjárfestir sem hefur það að markmiði að ná góðri arðsemi af fjárfestingum sínum í hlutabréfum. Sjóðurinn vill stuðla að heilbrigðum fjármálamarkaði á Íslandi með faglegu aðhaldi sem hluthafi. Sjóðurinn skal ekki vera leiðandi eða í stöðu kjölfestufjárfestis í tilteknum fyrirtækjum.

Sjóðurinn gegnir eigendaskyldum sínum með virkum hætti og kemur ábendingum um rekstur og stefnu félaga sem sjóðurinn er hluthafi í á framfæri á hluthafafundum og/eða með beinum samskiptum við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja.

Sjóðurinn tekur afstöðu til mála á hluthafafundum með atkvæðum sínum og á hlutabréfamarkaði með aðgerðum sínum eða aðgerðarleysi. Sjóðurinn tekur ekki þátt í vali á fulltrúum í stjórnir fyrirtækja nema þegar sérstakar ástæður gefa tilefni til slíks. Starfsmenn og stjórnarmenn skulu ekki sitja í stjórnnum félaga á vegum sjóðsins. Leitast skal við að fá til þess óháða fulltrúa.

Fyrirtæki sem fjárfest er í skulu hafa skýra stefnu og markmið um arðsemi. Stjórnendateymi skal vera traust og sýna í verki vilja til þess að starfa með hluthöfum. Upplýsingastreymi þarf að vera gott frá viðkomandi fyrirtækjum. Fjárfestingum sjóðsins skal ekki beitt í pólitískum tilgangi, arðsemi skal ráða fjárfestingaákvörðunum. Sjóðurinn fjárfestir fyrst og fremst í fyrirtækjum sem taka upp reglur Kauphallar Íslands um bestu stjórnunarhætti fyrirtækja.

Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í samráði við formann stjórnar og varaformann nema stjórn ákveði annað.

SÉREIGNARDEILD

Á árinu 2008 jukust eignir séreignardeildar um 247 milljónir króna og var hrein eign til greiðslu lífeyris 2.488 milljónir í árslok 2008, sem er um 11% aukning frá fyrra ári. Fjöldi rétthafa í séreignardeildinni var í árslok 38.611.

Raunávöxtun Framtíðarsýnar I og II var neikvæð á árinu en Framtíðarsýn III var með jákvæða ávöxun. Framtíðarsýn I skilaði 0,7% nafnávöxtun eða -13,5% raunávöxtun. Framtíðarsýn II skilaði 2,9% nafnávöxtun eða -11,6% raunávöxtun. Framtíðarsýn III skilaði 20,7% nafnávöxtun eða 3,7% raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár í Framtíðarsýn I er 3,7%, 1,3% í Framtíðarsýn II og 5,6% í Framtíðarsýn III.

Efnahagshrunið á Íslandi hafði áhrif á ávöxtun séreignardeildanna. Skuldabréf fjármálafyrirtækja og annarra fyrirtækja voru færð niður á árinu um kr. 56,8 milljónir í Framtíðarsýn I og 124,5 milljónir í Framtíðarsýn II. Þrátt fyrir það hækkaði skuldabréfasafn Framtíðarsýnar I um 21,8% og skuldabréfasafn Framtíðarsýnar II um 17,5% einkum vegna gengishagnaðar ríkisskuldabréfa. Innlent hlutabréfasafn séreignardeilda lækkaði um 86,8% en til samanburðar lækkaði Úrvalsvísitala Kauphallar um 94,5%. Erlent hlutabréfasafn hækkaði um 2,0% hjá Framtíðarsýn I og um 1,6% hjá Framtíðarsýn II í íslenskum krónum.

Það sem skýrir mismun á ávöxtun samtryggingardeildar og séreignardeildar er annars vegar mismunandi fjárfestingarstefna og hins vegar mismunandi uppgjörsaðferð deildanna á markaðsskuldabréfum. Ávöxtun samtryggingardeildar og séreignardeildar er því ekki samanburðarhæf.

Yfirlit eru send sjóðfélögum tvisvar á ári þar sem fram koma sundurliðuð framlög sjóðfélaga og launagreiðanda. Þannig geta sjóðfélagar fylgst með þróun eignar sinnar og yfirfarið greiðslur frá launagreiðendum. Séu vanskil af hálfu launagreiðanda er lögmönnum lífeyrissjóðsins falið að innheimta séreignarsparnaðinn.



TRYGGINGAFRÆÐILEG ÚTTEKT

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2008 var unnin af Talnakönnun hf. Úttektin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu úttektarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaða úttektar á sjóðnum sem miðast við árslok 2007. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Staða í árslok

| | 2008 | | 2007 | |
|------------------------------|----------------|---------------|----------------|--------------|
| Áfallin staða | | | | |
| Höfuðstóll | 206.454 | milljónir | 235.992 | milljónir |
| Viðbót vegna endurmats | 10.737 | | 10.122 | |
| Fjárfestingarkostnaður | -3.223 | | -2.934 | |
| Eign | 213.968 | | 243.180 | |
| Áfallin lífeyrisskuldbinding | 266.309 | | 215.918 | |
| Kostnaður | 2.038 | | 2.214 | |
| Áfallin skuldbinding | 268.348 | | 218.132 | |
| Staða | -54.380 | -20,3% | 25.048 | 11,5% |
| Heildarstaða | | | | |
| Iðgjöld | 184.776 | milljónir | 156.399 | milljónir |
| Eign + iðgjöld | 398.744 | | 399.579 | |
| Lífeyrisskuldbinding | 453.451 | | 374.987 | |
| Kostnaður | 4.885 | | 5.449 | |
| Heildarskuldbinding | 458.336 | | 380.436 | |
| Staða | -59.592 | -13,0% | 19.143 | 5,0% |

Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 59,6 milljarða, eða 13,0%. Áfallin staða er neikvæð um 54,4 milljarða eða 20,3% þegar miðað er við höfuðstól með endurmati. Samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins má heildarstaða aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera verri eða betri en 5% samfelt í fimm ár. Staðan er því utan marka laganna og samþykktanna. Bráðabirgðaákvæði í lögunum heimilar þó að staðan í árslok 2008 megi vera neikvæð um allt að 15%.

Í úttektinni er ekki tekið tillit til sérstaks framlags til jöfnunar örorkubyrði skv. lögum nr. 177/2006. Núgildandi lög og reglugerðir hafa ekki tekið á því hvort eða hvernig taka eigi tillit til þessa framlags í tryggingafræðilegum athugunum og ekki eru ákvæði í samþykktum Gildis um hvaða áhrif framlagið eigi að hafa á réttindi sjóðfélaga. Ef litið væri á framlagið til Gildis árið 2008 sem viðbótariðgjöld án þess að sérstök réttindi kæmu þar á móti hefði heildarstaða sjóðsins batnað um 2,1% og orðið neikvæð um 10,9% í stað 13,0%. Ef samþykktir sjóðsins kvæðu hins vegar á um að örorkuframlagið myndi að hluta eða öllu leyti fara til þess að auka réttindi sjóðfélaga hefði heildarstaða sjóðsins orðið neikvæð um 10,9% til 13,0%, allt eftir því hve miklum hluta framlagsins yrði varið til að auka réttindi.

TILLAGA UM LÆKKUN RÉTTINDA

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem bráðabirgðaákvæði laganna setur um allt að -15% heildarstöðu og er því ekki skylt að breyta réttindum sjóðfélaga. Það er markmið að reka sjóðinn þannig að staða hans, bæði áfallin staða og heildarstaða, sé sem næst því að vera í jafnvægi eða innan 5% markanna og því æskilegt að ná því viðmiði innan fárra ára. Ef skuldbindingar sjóðsins þróast í samræmi við tryggingafræðilegar forsendur þarf raunávöxtun eigna að ná 3,5% markinu til að halda í horfinu. Fjármálamarkaðir hafa ekki enn náð sér á strik og er þá hætt við að staða sjóðsins verði ekki betri að ári. Því hefur stjórn Gildis í samráði við tryggingafræðing sjóðsins ákveðið að leggja fyrir ársfund tillögu um að áunnin réttindi sjóðfélaga verði lækkuð um 10%.

Á ársfundi 2007 var samþykkt að hækka áunnin réttindi sjóðfélaga um 10% frá 1. janúar 2007. Hafa áunnin réttindi sjóðfélaga í Gildi því verið hækkuð um 17,7% frá stofnun sjóðsins 1. júní 2005, en réttindi voru hækkuð um 7% frá og með 1. janúar 2006.



EFNISYFIRLIT ÁRSREIKNINGS/TABLE OF CONTENTS

| | |
|---|----|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 24 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 26 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 27 |
| Efnahagsreikningur | 28 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 29 |
| Skýringar | 30 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris | 41 |
| Efnahagsreikningur deilda | 42 |
| Sjóðstreymisyfirlit deilda | 43 |
| Financial Statements 2008 | 45 |
| Endorsement by the Board of Directors and Managing Director | 46 |
| Independent Auditor's Report | 48 |
| Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments | 49 |
| Balance Sheet | 50 |
| Statement of Cash Flows | 51 |
| Financial Indicators | 52 |



GILDI LÍFEYRISSJÓÐUR - ÁRSREIKNINGUR 2008

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2008 greiddu samtals 4.327 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð 11.354 millj. kr. fyrir 45.185 sjóðfélaga. Sjóðfélagar með réttindi í árslok voru samtals 174.807. Fjöldi rétthafa í séreignardeild sjóðsins var í árslok 38.611.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 6.678. millj. kr. Ellilífeyrir nam 3.957 millj. kr., örorkulífeyrir 2.112 millj. kr., makalífeyrir 519 millj. kr. og barnalífeyrir 90 millj. kr. Fjöldi ellilífeyrisþega á árinu var 9.420, örorkulífeyrisþega 3.637, makalífeyrisþega 1.830 og 1.210 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 16.097. Til samanburðar voru lífeyrisgreiðslur á árinu 2007 samtals 5.822 millj. kr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 206.454 millj. kr. í árslok 2008 og lækkaði á árinu um 29.538 millj. kr. eða 12,5%. Hrein raunávöxtun á eignum deildarinnar miðað við vísitölu neysluverðs var -26,6%. Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris nam 2.488 millj. kr. í árslok 2008 og hækkaði á árinu um 248 millj. kr. Hrein raunávöxtun séreignardeildar var þannig: Framtíðarsýn I -13,5%, Framtíðarsýn II -11,6% og Framtíðarsýn III 3,7%.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2008. Samkvæmt henni voru eignir sjóðsins 54.380 millj. kr. lægri en áunnin réttindi sjóðfélaga og 59.592 millj. kr. lægri en heildarskuldbindingar í árslok miðað við 3,5% vexti. Skuldbindingar umfram eignir í árslok 2008 nema því 13,0%. Í úttektinni er ekki tekið tillit til sérstaks framlags til jöfnunar örorkubyrði skv. lögum nr. 177/2006. Núgildandi lög og reglugerðir hafa ekki tekið á því hvort eða hvernig taka eigi tillit til þessa framlags í tryggingafræðilegum athugunum og ekki eru ákvæði í samþykktum Gildis um hvaða áhrif framlagið eigi að hafa á réttindi sjóðfélaga. Ef litid væri á framlagið til Gildis árið 2008 sem viðbótariðgjöld án þess að sérstök réttindi kæmu þar á móti hefði heildarstaða sjóðsins batnað um 2,1% og orðið neikvæð um 10,9% í stað 13,0%. Ef samþykktir sjóðsins kvæðu hins vegar á um að örorkuframlagið myndi að hluta eða öllu leyti fara til þess að auka réttindi sjóðfélaga hefði heildarstaða sjóðsins orðið neikvæð um 10,9% til 13,0%, allt eftir því hve miklum hluta framlagsins yrði varið til að auka réttindi.

Þróun á fjármálamörkuðum á árinu 2008 var sjóðnum eins og öðrum fjárfestum mjög óhagstæð. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var neikvæð um 92,8%, ávöxtun innlendra skuldabréfa útgefnum af bönkum var neikvæð um 16,6% og hjá öðrum innlendum fyrirtækjum var hún neikvæð um 41,8%. Ávöxtun erlendra hlutabréfa var neikvæð um 5,9% í íslenskum krónum, en gengi íslensku krónunnar lækkaði um 44,5% á árinu gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Sjóðurinn var í miklum viðskiptum við bankana og fjárfesti í hlutabréfum og skuldabréfum sem þeir höfðu gefið út. Þá hafði sjóðurinn gert afleiðusamninga við bankana til að takmarka gengisáhættu vegna erlendra fjárfestinga sjóðsins, bæði gjaldmiðlaskiptasamninga og vaxtaskiptasamninga. Við fall bankanna urðu hlutabréf og víkjandi skuldabréf bankanna verðlaus og mikil óvissa er enn um verðmæti þeirra skuldabréfa sem þeir gáfu út og eru í eigu sjóðsins. Þá er óvissa um hvort og hvernig gera á upp afleiðusamningana. Tap er á flestum þessara samninga og hefur sjóðurinn fært 12.904 millj. kr. til skuldar í bókhaldi sínu vegna þeirra. Í ársreikningum hefur verið gert ráð fyrir að þessum samningum verði skuldajafnað á móti kröfum sjóðsins á bankana.

Vegna þeirrar fjármálakreppu sem nú ríkir er mikil óvissa um raunverulegt verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn á. Í framhaldi af falli viðskiptabankanna þriggja hafa önnur innlend fyrirtæki lent í verulegum greiðsluferfiðleikum sem leitt hafa til greiðslustöðvunar og jafnvel gjaldþrots og óvíst er hvernig mörgum þessara félaga mun reiða af á árinu 2009. Þá hefur þróun á erlendum verðbréfamörkuðum það sem af er árinu 2009 verið sjóðnum óhagstæð. Verðbréf hafa haldið áfram að lækka í verði á sama tíma og gengi erlendra gjaldmiðla hefur lækkað gagnvart íslensku krónunni.

Stjórn sjóðsins mun leggja til við ársfund að réttindi sjóðfélaga verði lækkuð um 10% þannig að eignir og skuldbindingar sjóðsins verði innan þeirra marka sem lög um lífeyrissjóði og samþykktir sjóðsins gera ráð fyrir.

Stjórn Gildis - lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. mars 2009.

Stjórn:

Sigurður Bessason
Árni Bjarnason
Heiðrún Jónsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir

Vilhjálmur Egilsson
Friðrik J. Arngrímsson
Konráð Alfreðsson
Sveinn Hannesson

Framkvæmdastjóri:

Árni Guðmundsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Gildis - lífeyrissjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Gildis - lífeyrissjóðs fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og á skýringum 16-19 með ársreikningnum þar sem fjallað er um þá óvissu sem er í mati á verðbréfaeign sjóðsins. Þessi óvissa getur leitt til þess að lífeyrisgreiðslur sjóðsins geti í framtíðinni orðið aðrar en gert er ráð fyrir í tryggingafræðilegum útreikningum.

Reykjavík, 6. mars 2009.

KPMG hf

Helgi F. Arnarson

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS FYRIR ÁRIÐ 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|----------|----------------------|--------------------|
| Löggjöld: | | | |
| Löggjöld sjóðfélaga | | 3.692.357 | 3.389.030 |
| Löggjöld launagreiðenda | | 7.692.000 | 6.728.973 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (30.277) | 15.724 |
| | 6 | <u>11.354.080</u> | <u>10.133.727</u> |
| Lífeyrir: | | | |
| Lífeyrir | 20 | 6.678.333 | 5.821.957 |
| Umsjónarnefnd eftirlauna | | (19.823) | (22.358) |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | | 12.558 | 12.994 |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | | (613.664) | (370.026) |
| | 7 | <u>6.057.404</u> | <u>5.442.567</u> |
| Fjárfestingartekjur: | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 8 | (30.248.796) | 3.797.612 |
| Tekjur af húseign | 9 | 4.307 | 6.430 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 10,21 | 8.406.185 | 14.596.980 |
| Niðurfærsla verðbréfa | 16,18,29 | (12.392.254) | 0 |
| | | <u>(34.230.558)</u> | <u>18.401.022</u> |
| Fjárfestingargjöld: | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 11 | <u>137.767</u> | <u>125.403</u> |
| Rekstrarkostnaður: | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 11 | <u>264.982</u> | <u>242.347</u> |
| Aðrar tekjur..... | 12,24 | <u>46.920</u> | <u>96.138</u> |
| (Lækkun) hækkun á hreinni eign á árinu | | (29.289.710) | 22.820.570 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | <u>238.231.846</u> | <u>215.411.276</u> |
| Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris | 35 | <u>208.942.134</u> | <u>238.231.846</u> |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|-------|--------------------|--------------------|
| Fjárfestingar: | | | |
| Fasteign | 13,25 | 195.398 | 200.078 |
| Aðrar fjárfestingar: | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 14,26 | 70.713.067 | 115.235.837 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 14,27 | 106.194.159 | 102.018.323 |
| Veðlán | 14,28 | 13.444.469 | 10.598.961 |
| Bundnar bankainnstæður | | 2.574.082 | 21.720 |
| Fullnustueignir | | 5.257 | 10.955 |
| | | <u>193.126.432</u> | <u>228.085.874</u> |
| Kröfur: | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 6 | 1.626.081 | 1.125.495 |
| Aðrar kröfur | 32 | 79.822 | 814.573 |
| | | <u>1.705.903</u> | <u>1.940.068</u> |
| Aðrar eignir: | | | |
| Rekstrarfjármunir | 25 | 24.927 | 30.482 |
| Sjóður og veltiinnlán | | 19.234.469 | 9.004.353 |
| | | <u>19.259.396</u> | <u>9.034.835</u> |
| Eignir samtals | | <u>214.091.731</u> | <u>239.060.777</u> |
| Skuldir: | | | |
| Skammtímaskuldir | 33 | 5.149.597 | 828.931 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 35 | <u>208.942.134</u> | <u>238.231.846</u> |
| Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris: | | | |
| Hrein eign samtryggingardeildar | | 206.454.248 | 235.991.776 |
| Hrein eign séreignardeildar | | 2.487.886 | 2.240.070 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris samtals | | <u>208.942.134</u> | <u>238.231.846</u> |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|-------|--------------------|----------------------|
| Inngreiðslur: | | | |
| Iðgjöld | | 10.868.867 | 9.654.718 |
| Fjárfestingartekjur | | 3.278.124 | 8.924.755 |
| Afborganir verðbréfa | | 6.936.797 | 6.101.699 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 41.693.124 | 37.846.102 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 9.780.340 | 1.495.259 |
| Aðrar inngreiðslur | | 345 | 1.348.890 |
| | | <u>72.557.598</u> | <u>65.371.423</u> |
| Útgreiðslur: | | | |
| Lífeyrir | | 6.057.405 | 5.442.567 |
| Fjárfestingargjöld | | 137.767 | 125.233 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | | 120.295 | 108.371 |
| Aðrar útgreiðslur | | 3.602.900 | 6.192 |
| | | <u>9.918.367</u> | <u>5.682.363</u> |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum | | 62.639.231 | 59.689.060 |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | (| 24.624.843) | (40.435.578) |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | (| 23.005.307) | (9.539.600) |
| Bundin innlán | (| 2.563.005) | (21.720) |
| Ný veðlán | (| 2.215.960) | (1.866.002) |
| | (| <u>52.409.115)</u> | (<u>51.862.900)</u> |
| Hækkun á sjóði og veltiinnlánum | | 10.230.116 | 7.826.160 |
| Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun | | <u>9.004.353</u> | <u>1.178.193</u> |
| Sjóður og veltiinnlán í árslok | | <u>19.234.469</u> | <u>9.004.353</u> |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

SKÝRINGAR

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Gildi - lífeyrissjóður er með aðsetur að Sætúni 1, Reykjavík. Sjóðurinn er lífeyrissjóður fyrir sjómenn og verkafólk sem aðild á að eftirtöldum félögum: Eflingu-stéttarfélagi, Sjómannasambandi Íslands, Sjómannafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi vélstjóra og málmæknimanna, Verkalýðsfélaginu Hlíf, Félagi hársnyrtisveina, Bifreiðastjórafélaginu Sleipni og Landssambandi smábátaeigenda.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, afleiðutengd skuldabréf og afleiðusamningar um hlutabréf og gjaldmiðla eru færðir á markaðsverði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þús. kr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Á blaðsíðum 41 - 43 er að finna yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning og sjóðstreymisyfirlit deilda sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins samþykkti ársreikninginn þann 6. mars 2009.

3. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringum nr. 14 - 19.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2008. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

6. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem hafa borist sjóðnum. Jafnframt er áætlað vegna ótilkynnta iðgjalda í árslok og er sú áætlun byggð á skilum á iðgjöldum á undanförunum árum. Ógreidd iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

7. Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, þ.e. ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir og greiðslur frá Umsjónarnefnd eftirlauna, en nefndin annast greiðslur til þeirra sem fæddir eru fyrir 1914 og eiga því mjög lítil réttindi í almenna lífeyrissjóðakerfinu. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris er kostnaður við örorkumat og endurhæfingu. Framlag til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa sem rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

8. Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

